

um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl).

1. gr.

Þá er verslað er með tilbúinn áburð og meira selt í senn eða sama manni en 200 kílógr. af hverri tegund, er seljanda skylt, um leið og áburðurinn er afhentur, að afhenda kaupanda tryggingarskjal, undirritað af báðum málsaðiljum, eða umboðsmönnum þeirra, nema þeir hafi gert með sjer skriflegan samning um kaupin.

Í tryggingarskjalinu sjeu þær upplýsingar um vöruna, sem lög þessi ákveða.

Nú hefir seljandi vanrækt að gefa tryggingarskjalið, og eigi er heldur skriflegur samningur um kaupin; skal þá lita svo á, að varan sje seld sem óskemd vara, og hvílir á honum sönnunarskylda um að svo sje.

Í tryggingarskjalinu skal tilgreina:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hvernar tegundar af áburðinum.
3. Nafn áburðarins, sem eigi má gefa ranga hugmynd um hver hann sje. Bendi nafn áburðarins á, af hvaða efnum hann er tilbúinn, skal tilgreina, ef öðrum efnum er blandað saman við. Sje köfnunarefni í lifrænum samböndum, skal tilgreina uppruna þeirra.

Sje áburðurinn blandinn sandi eða öðrum óverðmætum efnum, skal tilgreina, hve mikið er af þeim.

4. Efnasamsetning áburðarins í hundradshlutföllum þannig:

- a. Köfnunarefni í saltþjeturssýru.
- b. Köfnunarefni í ammoníaki.
- c. Köfnunarefni í lifrænum samböndum.
- d. Köfnunarefni í cyanamídi.
- e. Fosfórsýra, vatnslaus, leysanleg í vatni.
- f. Fosfórsýra, vatnslaus, óleysanleg bæði í vatni og citrónsýru.
- g. Kalí, leysanlegt í vatni.
- h. Kalk, (sem kolsúrt kalk).
- i. Gibs, (vatnslaust, brennisteinssúrt kalk).

Ábyrgð sú, er seljandi tekur á sig með tryggingarbrjefinu, um lágmarksinnihald áburðarins af þeim efnum, sem nefnd eru undir staflíðunum a.—i., skal tilgreind með einni tölu svigrúmslaust.

Seljandi ábyrgist með undirskrift sinni, að það, sem sagt er í tryggingarskjalinu um áburðinn, sje rétt, og að áburðurinn sje hæfilega þur og mulinn og vel nothæfur.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum má eigi nota önnur

orðatiltæki um jurtanærandi efni áburðarins en þau, sem nefnd eru undir staflíðunum a.—i.

## 2. gr.

Þegar verslað er með kjarnfóður, svo sem korntegundir, oliukökur, syk-urúrgang (melasse), sild, sildarmjöl, lýsi og aðrar fóðurtegundir, sem ekki eru innlendar jarðarafurðir, og meira er selt en 300 kg. af hverri tegund, er seljandi skyldur til, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr., að gefa við afhendingu vörunnar tryggingarskirteini. Sömuleiðis gilda ákvæði 1. gr., ef enginn skriflegur samningur eða skirteini er útgefið. Á tryggingarskirteini sje tekið fram:

1. Nafn seljanda og kaupanda.
2. Þyngd og verð hverrar tegundar kjarnfóðursins.
3. Nafn kjarnfóðursins og úr hverju það er tilbúið.
4. Sje kjarnfóðrið búið til úr fleiri efnum, skal tilgreina, hver þau eru og í hvaða hlutföllum.
5. Hvort kjarnfóðrið er blandað annarlegum efnum. Sje það eigi tilgreint, verður að álita, að svo sje ekki.
6. Sje um oliukökur að ræða, skal tilgreina, hvort þær eru tilbúnar af fræi með hýði eða hýðislausu.
7. Sje um lýsi að ræða, skal ætið gefa tryggingu fyrir, hve margir hundraðshlutar af feiti eru í því að minsta kosti.
8. Sje um lifur að ræða, skal tilgreint hvers konar lifur, enn fremur hve margir hundraðshlutar af vatni eða sjó sjeu saman við lifrina, enda sje slíkt ætið sjað frá áður en sala fer fram, að því leyti sem það getur aðgreinst án bræðslu.
9. Sje um sild að ræða, skal tilgreina veiðitímann, hve nær söltuð, hvort hún sje metin útflutningsvara, og þá í hvaða flokki. En sje hún það ekki, þá skal tilgreint, hvort hún hafi verið söltuð óskemmd og verið viðhaldið með nægum pækli í fullbentum og lagarheldum ilátum þar til hún er afhent, og enn fremur, hve mikill þungi sildar og salts sje í hverju iláti.
10. Sje um sildarkökur eða sildarmjöl að ræða, skal tilgreina, hvort það er unnið úr nýrri sild eða saltaðri.
11. Sje um fiskmjöl að ræða, skal tilgreina, úr hverju það er unnið, hvort heldur úr beinum eða innýflum.
12. Sje trygging gefin fyrir ákveðnum næringarefnum í kjarnfóðrinu, skal tilgreina, með einni tölu eða með ákveðnum svigrúmstólum, hve margir hundraðshlutar eru í því, þannig:
  - a. Af köfnunarefniskendum efnum.
  - b. Af feiti.
  - c. Af sykri.
  - d. Af öðrum kolvetnum, sje um þau að ræða í fóðrinu.
  - e. Af meltanlegum efnum í hverjum þessara flokka.

Vilji seljandi eigi gefa tryggingu fyrir einhverju í nefndum atriðum, verður hann að taka fram, að honum sje ekki um þau kunnugt.

Með undirskrift sinni ábyrgist seljandi, að það, sem sagt er um fóðrið, sje rjett, og sje enginn varnagli sleginn, verður að álíta, að fóðrið sje eigi blandað neinum efnum, er skaðleg teljast fyrir heilbrigðisástand búpenings, að það sje óskemt og vel nothæft til fóðurs.

### 3. gr.

Stjórnarráðið sjer um, að út sjeu gefin eyðublöð fyrir tryggingarskjöl þau, sem um ræðir í 1. og 2. gr.

Sje það nauðsynlegt, vegna nýrra áburðar- eða kjarnfóðurefna, eða breyttra aðferða við efnarannsóknir eða af öðrum breyttum ástæðum, getur stjórnarráðið breytt um eða aukið reglur þær, er hjer eru settar um tryggingar.

### 4. gr.

Stjórnarráðið ákveður í reglugerð, að umbúðir um vörur þær, er ræðir um í lögum þessum, skuli bera með sjer, eða þeim á annan hátt fylgja, upplýsingar um:

- a. Nafn vörunnar.
- b. Nafn verksmiðju eða seljanda.
- c. Hvert efnainnihald seljandi ábyrgist í vörunni samkvæmt tryggingarskirteini, hafi það verið gefið.

### 5. gr.

Í verðlistum, umburðarbrjefum og auglýsingum um vörur þær, er lög þessi ræða um, er bannað að segja nokkuð það, sem orðið getur til þess að gylla notagildi þeirra, fram yfir það, sem rjett er.

### 6. gr.

Hver kaupandi, er hefir í höndum tryggingarskirteini samkvæmt 1. og 2. gr., hefir rjett til að taka sýnishorn af vörum og láta rannsaka þau í efnarannsóknarstofu ríkisins eða öðrum löggiltum rannsóknarstofum, ef til eru, eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Taki kaupandi vöruna sjálfur hjá seljanda, er sýnishornið tekið áður en varan er afhent, í viðurvist seljanda og kaupanda eða umboðsmanna þeirra. Taka skal þrjú sýnishorn af hverri tegund, um þau búa og merkja eins og ákveðið verður í reglugerð, er stjórnarráðið setur, og leggja með hverju þeirra blað, er á sje ritað hve nær og hvar sýnishornið er tekið, með tilvísun til tryggingarskirteinis, samkvæmt 1. og 2. gr. Skal blaðið undirritað af hlutadeigendum eða umboðsmönnum þeirra.

Eitt sýnishornið sendist þegar til efnarannsóknarstofunnar, ásamt tryggingarskirteininu, en seljandi og kaupandi halda sinu hvor, eða umboðsmenn þeirra.

2. Nú annast seljandi flutning vörunnar á ákveðinn stað, áleiðis til kaup-

anda, og skal þá, nema hann sanni, að öðruvísi sje um samið, sýnishornið tekið svo fljótt sem auðið er, eftir að vörurnar eru komnar á ákvörðunarstaðinn, og má eigi dragast lengur en viku, eftir að kaupanda hefir verið tilkynnt að varan sje komin. Seljandi annast tilkynninguna.

3. Sje seljandi eða umboðsmaður hans viðstaddur, þegar varan er afhent, er farið eftir því, er segir í tölulið 1. Sje það eigi, skal þannig að farið: Um leið og kaupandi eða umboðsmaður hans tekur á móti vörunni, skal hann kveðja til tvo menn, til þess skipaða af lögreglustjóra, að taka sýnishorn af vörunni, og skulu þeir í öllu fylgja reglum þeim, er um getur í tölulið 1 í þessari grein, og gefa vottorð um, að reglunum hafi verið fylgt. Þess skal og getið, hvort vörurnar hafi verið í umbúðum, hve mörg ilát eða poka sjeu af hverri tegund og úr hve mörgum af þeim sýnishornin sjeu tekin. Enn fremur skal í vottorðinu tekið fram, hvort álitast megir, að varan hafi skemst í flutningi, og þá hvernig. Stjórnarráðið gefur út eyðublöð fyrir vottorð þessi.
4. Sýnishorn þau, sem nú hefir verið um getið, skal taka af vörunni þannig, að þau sjeu, eftir því sem unt er, meðaltal þeirrar vöru, sem um er að ræða. Þó verða eigi sýnishorn af þeim hluta vörunnar, sem skemst hefir í flutningnum eða er rakur eða í skemdum umbúðum, höfð til marks um annað en skemdir á vörunni.
5. Sje varan í umbúðum og eigi um meira en 5 heildir (poka eða önnur ilát) að ræða, skal taka sýnishorn af þeim öllum. Sje um meira að ræða, skal að minsta kosti taka sýnishorn af 10. hverri heild, og aldrei af minna en 5 af hverri tegund. Öllum sýnishornum sömu tegundar skal blanda nákvæmlega saman, og af þeirri samblöndun skal taka hin umræddu 3 sýnishorn.

Efnarannsóknarstofa ríkisins og aðrar löggiltar rannsóknarstofur, ef til eru, hafa rjett til að láta taka sýnishorn til rannsóknar af vörum þeim, er lög þessi ræða um, hjá verksmiðjum, sem framleiða þær, og kaupmönnum og samvinnufjelögum, er versla með þær.

#### 7. gr.

Rannsóknir þær, sem um ræðir í 6. gr., skulu gerðar af efnarannsóknarstofu ríkisins, eða öðrum rannsóknarstofum, er til þess kunna að verða löggiltar af stjórnarráðinu, eftir þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Leiði rannsóknin í ljós, að verðmæt efni varanna sjeu rýrari en ábyrgst hefir verið, ber seljanda að borga kostnaðinn við rannsóknina. Að öðrum kosti borgar ríkissjóður kostnaðinn að hálfu, en kaupandi að hálfu.

Rannsóknarstofan tilkynnir hlutaðeigendum árangurinn af rannsókninni, og er úrskurður hennar bindandi fyrir báða málsparta.

#### 8. gr.

Nú reynast verðmæt efni áburðar og fódurs, sem um ræðir í lögum þessum, rýrari en tilgreint hefir verið á tryggingarskírteinum, að minst geti

verið, og á kaupandi þá rjett til skaðabóta hjá seljanda. Skal rannsóknarstofan áætla þær og úrskurða, eftir reglum, er stjórnarráðið setur. Skal miða við þá rýrnun á verðmæti vörunnar, er stafar af því, að eigi er efnainnihald hennar eins og til var skilið, og er seljandi skyldur að greiða þann mismun.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 100—2000 krónum.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.